

47

16. apríl

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000 krónum. Sje brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn.

Mál, sem rísa út af reglugjörð þessari, skal fara með sem almenn lög-reglumál. Sektir renna í hreppsjóð.

12. gr.

13. gr.

Reglugjörð þessi, sem samin er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, öðlast gildi 1. maí 1926.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir samið, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30, 19. júní 1922, til að öðlast gildi frá 1. maí 1926 og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. apríl 1926.*

Jón Magnússon.

*Sígfús M. Johnsen.*

48

17. apríl

## REGLUGJÖRÐ

um

### loftnet og grunntengingu fyrir útvarpstæki.

Til þess að koma í veg fyrir óþægindi, tjón og hættu, er hlotist getur af óhentugum útbúnaði loftneta fyrir útvarpstæki eða ljelegum loftnetum og grunntengingu þeirra, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Þar sem inniloftnet gjörir fullnægjandi gagn, má ekki setja útiloftnet.

2. gr.

Loftnet má ekki strengja þannig, að valdið geti truflun á símalínum eða rafmagnstaugum eða hindrað lagningu slíkra lína. Loftnet má ekki festa í símastaura eða rafveitustaura. Ekki má heldur strengja loftnet yfir eða undir símalínur eða raftaugar, hvort heldur háspentar eða lágspentar, aðallínur eða heimataugar. Þó má ef sjerstaklega stendur á, þvera símalínu eða rafmagns-

taug, — en aldrei hvottveggja í senn, — og þó aðeins að fengnu skriflegu leyfi landssímastjórnar eða rafmagnsstjórnar eftir því hvort um símalínu eða rafmagnstaugar er að ræða. Fáiast slíkt leyfi skal þverunarnhornið ekki vera minna en 60% og mega loftnet þá hvergi liggja nær umgetnum línunum en 1,5 m. og sje þá tekið tillit til teygju loftnetsins og línanna af snjóþyngslum o. þ. l. Að öðru leyti verða loftnetin að fullnægja ákvæðum 7.—12. gr. 48  
17. apríl

### 3. gr.

Sje loftnet lagt yfir annars manns lóð eða fest á annars manns húsi eða eign, skal fá leyfi hans til þess. Sje loftnet lagt yfir götu, alfaraveg, torg eða þ. l. skal fengið leyfi hlutaðeigandi yfirvalda.

### 4. gr.

Ekki má undir nokkrum kringumstæðum tengja útvarpsviðtökutæki við taugar landssímans eða brunasíma, hvorki beint nje óbeint, og ekki heldur beint við rafmagnstaugar. En nota má rafflögu í húsi sem loftnet, ef viðtökutækið er tengt við hana gegnum þjetti (condensator), er fullnægi kröfum þeim, sem settar eru í reglum um rafmagnslagningu í Reykjavík frá 1921 og viðauka frá 1926.

### 5. gr.

Þar sem innloftnet þverar síma eða raftaugar, skal þverunin gerð samkvæmt lagningarreglum Rafveitu Reykjavíkur og svo búið um sem loftnetið væri ljóstaug.

### 6. gr.

Útiloftnet verða að vera svo traust og endingargóð að þau þoli áraun, er stafar af ísingu, snjóþyngslum eða hvassviðri. Skrúfur og festur úr jární verða að vera sinkvarðar. Samskeyti, einangrarar og festur jafnstærkt gegn sliti eins og sjálfur vírinn.

### 7. gr.

Útiloftnet skal gjöra úr margþættum vír úr bronsi eða harðdregnum eir með minsta kosti 40 kg. þoli á hvern fermillimetra. Skal samanlagður gildleiki vírsins vera minsta kosti 2,5 fermillimetrar og mesta haf milli festipunkta helst ekki yfir 50 m. Vírinn skal vera vel einangraður frá festpúntum og engin samskeyti á honum.

### 8. gr.

Ekki má festa loftnet í reykháfa eða aðra hluti bygginga, ef það veldur óhagræði fyrir vinnu á þaki, sjerstaklega sóthreinsun. Sjeu reyháfar eða steng-

**48** ur á þaki notað til að festa í, skal þess vandlega gætt, að það sje nógu traust til  
17. apríl þess. Ákvæði þessa gilda einnig um stög við útbúnað loftneta.

**9. gr.**

Forðast skal að leggja loftnet samhliða eða nærri járnþaki eða járnvegg. Á bárujárnsklæddum húsum skal því netið lagt út frá húsinu og endinn, sem næstur er járninu einangraður með minsta kosti 2 einangrurum með millibili.

**10. gr.**

Innitaugin úr loftneti skal vera úr að minsta kosti 2,5 fermillimetra bronsvír eða harðdregnum eirvír. Þar sem húner skeytt við netið, skulu sam-skeytin vera gerð með skrúfklemmum eða skrúfhólkum. Kveiking er ekki nægi-leg. Innitaugin skal liggja eins beint og unt er að móttökutækinu og má ekki leggja hana í námunda við eldfim efni.

**11. gr.**

Útiloftnet, sem þverar eða liggur nærri rafmagnstaug, skal hafa bræði-var þannig sett að auðvelt sje að komast að því. Það má ekki vera nálægt eld-fimum efnum og skal fullnægja ákvæðum um bræðivör í lagningareglum raf-magnsveitu Reykjavíkur. Hæfilegt er að nota 4 amp. var, 250 volta (diazed) og skal það sett sem næst gegntaki inntaugarinnar.

**12. gr.**

Grunntaugin skal hafa að minsta kosti sama gildleik og inntaugin og liggja svo rakleitt, sem unt er, þangað sem gott grunnsamband fæst. Eigi má hún liggja í námunda við eldfim efni. Grunnsamband fært við vatnsæðar, gas-æðar, miðstöðvarofna eða miðstöðvarpípur eða sjerstaka grunnplötu, sem graf-in er niður í grunnvatn. Grunntenging skal vandlega gerð með skrúfklemmum eða kveikingu. Ekki má nota talsíma, brunasíma eða rafmagnstaugar fyrir grunntengingu.

**13. gr.**

Þegar útiloftnet er ekki notað, skal það helst ætíð grunntengt, einkum ef það liggur sjerlega hátt og er heppilegast að nota til þess sjerstakan ein-faldan snara.

**14. gr.**

Í þrumuveðri má ekki nota móttökutæki og er þá best að loftnetið sje grunntengt.

**15. gr.**

Sje í stað grunntengingar notað einangrað mótnet, skal ætíð hafður grunntengingarsnari þannig að hægt sje að grunntengja bæði netin.

## 16. gr.

48

Sje loftnet lagt svo, að það komi í bága við reglur þessar eða valdi 17. apríl einhverskonar beinum eða óbeinum truflunum á sínum, getur landssímastjóri látið taka loftnetið niður á kostnað eiganda.

## 17. gr.

Um ábyrgð fyrir eiganda loftnets, sem og fyrir þá menn, sem setja upp slík net eða gjöra við þau, á óhagnaði og skaða, sem hljótast kynni af netinu eða umbúnaði þess, fer eftir almennum reglum.

## 18. gr.

Ákvæði í reglum þessum gilda einnig fyrir þau loftnet, sem kunna að hafa verið sett upp áður en reglugjörð þessi er gefin út.

## 19. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 1000 krónum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugjörð þessi er hjemeð sett samkvæmt lögum nr. 82, 14 nóvember 1917, um rekstur loftskreyttastöðva á Íslandi, sbr. lög nr. 51, 26. júní 1925, um útvarp, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinna- og samgöngumálaráðuneytið, 17. apríl 1926.*

Magnús Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

49

27. apríl

um

**meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14. maí 1928 eftir ákvæðum sýslunefnda, samkvæmt 26. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921.**

## 1. Árnessýsla.

Til fullra	4 ára	aldurs	.....	kr.	250.00
—	—	14	— —	.....	— 175.00
—	—	16	— —	.....	— 100.00